

# STARFSLEYFI

## fyrir Sorporkustöð Hofshrepps, A- Skaftafellssýslu.

Gefið út af Hollustuvernd ríkisins í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 396/1992

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir brennslu úrgangs á athafnasvæði Sorporkustöðvar í Hofshreppi, förgun óbrennanlegra hluta og ösku úr brennslu svo og annarra óbrennanlegra hluta sem kynnu að berast Sorporkustöð Hofshrepps. Heimilt er að brenna allt að 150 kg af úrgangi á hverri klukkustund.
- 1.2. Komi fram mengun frá starfseminni, sem ekki er í samræmi við gögn sem lögð eru fram með umsókn um starfsleyfi ber rekstraraðila Sorporkustöðvar Hofshrepps, hér eftir nefndur rekstraraðili, að stöðva áframhaldandi mengun á sinn kostnað og hreinsa, ef tók eru á, þá mengun sem þegar hefur orðið.
- 1.3. Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við Heilbrigðisnefnd Austur-Skaftafellssýslu, endurskoðað starfsleyfi þetta, ef í ljós kemur óviðunandi umhverfismengun frá starfseminni sem stofnar heilsufari almennings í hættu eða veldur röskun lífríkis.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 396/1992 gilda um starfsemi Sorporkustöðvar Hofshrepps eftir því sem nánar er fyrirbælt í starfsleyfi þessu.
- 1.6. Óski fyrirtækið eftir því að gera umtalsverðar breytingar á rekstrinum, skal sækja um nýtt starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins, í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 396/1992.
- 1.7. Rekstraraðila er skylt að sjá svo um að fyllstu snyrtimennsku og góðrar umgengni sé gætt á athafnasvæði stöðvarinnar. Úrgang og annað rusl, svo sem pappír og plast, sem kann að berast út fyrir athafnasvæðið skal hreinsa upp jafnóðum.

## 2. ÁKVÆÐI TIL VARNAR MENGUN YTRA UMHVERFIS.

### 2.0 Almennt

- 2.01 Allar fráveitulagnir skulu vera í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 396/1992
- 2.02 Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að varna foki á þeim efnum sem geymd eru á útisvæði.
- 2.03 Koma skal í veg fyrir að vargfugl eða meindýr taki sér bólfestu eða hafist við á athafnasvæði rekstraraðila.
- 2.04 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðamörk skal ekki mælast meiri en 70 dB(A) Leq. Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka mörkin um 5 dB(A) Leq. Að öðru leyti skal gætt ákvæða um varnir gegn hávaðamengun sbr. 7. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 396/1992.

### 2.1. Brennslustöð

- 2.1.1. Við Sorporkustöð Hofshrepps skal vera skilti með greinilegri áletrun um afgreiðslutíma og hvar móttaka einstakra efna fer fram.
- 2.1.2. Athafnasvæði sorporkustöðvarinnar skal vera afgirt. Hlið á girðingu skulu vera læst utan afgreiðslutíma.
- 2.1.3. Sorporkustöð Hofshrepps er heimilt að brenna neyslu- og framleiðsluúrgang í þar til búinni brennslustöð. Sveitarstjórn sér um að safna og flytja úrganginn til brennslustöðvarinnar.
- 2.1.4. Brennslustöðin skal búin eftirbrennslubúnaði. Nýta skal brennsluvarma eftir því sem kostur er á.
- 2.1.5. Hæð reykháfs skal vera að lágmarki 5 metrar.
- 2.1.6. Hitastig í eftirbrennslu skal ná að lágmarki 1000 C í 0,5 sekúndur með lágmarki 6% súrefnismagni.
- 2.1.7. Eftirfarandi viðmiðunarmörk skulu gilda í útblásturslofti úr reykhafl sorporkustöðvarinnar:

Samtals ryk	150mg/Nm <sup>3</sup> (mánaðarmeðaltal).
Vetnisklórlíð (HCl)	250 mg/Nm <sup>3</sup> (meðaltal mæliotu)
Kolmónoxíð (CO)	100 mg/Nm <sup>3</sup> (klukkutímameðaltal)
Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC)	20 mg/Nm <sup>3</sup> (meðaltal mæliotu)

- 2.1.8. Ösku frá brennsluofnum og annan óbrennanlegan úrgang sem ekki fer í endurvinnslu skal urða á stað viðurkenndum af Mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins.
- 2.1.9. Aska og óbrennanlegur úrgangur skulu vera byrgð samdægurs. Þykkt endanlegs þekjulags skal ekki vera minni en 100 cm. Í efsta lagið skal sá grasfræi eða planta öðrum gróðri.

### 3. MÆLINGAR OG EFTIRLIT.

- 3.1. Stöðugt skal mælt hitastig og súrefni í brennsluhólfi fyrir úrgang og í eftirbrennsluhólfi.
- 3.2. Árlega skal mæla ryk, vetnisklóríð (HCl), kolmonoxíð (CO) og heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) í útblásturslofti brennslustöðvarinnar.
- 3.3. Eftir fyrsta starfsár og síðan á þriggja ára fresti skal mæla eftirfarandi þungmálma í ryki úr reykhálf og í ösku frá stöðinni: Kopar (Cu), Króm (Cr), Kvikasilfur (Hg), Arsen (As), Nikkel (Ni), Bly (Pb) og Kadmíum (Cd).  
Sorporkustöð Hofshrepps skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinganna og fá til þess aðila sem Mengunarvarnir Hollustuvendar ríkisins samþykkja.
- 3.4. Niðurstöður mælinga skal senda Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðisefirliti Austurlands þegar þær liggja fyrir. Ef mælingarnar sýna óviðunandi mengun umfram viðmiðunarmörk skv. grein 2.1.7 í þessu starfsleyfi, skal endurskoða greinar 2.1.5 og 2.1.6. Þess með það fyrir augum að mengun frá sorporkustöðinni verði innan viðmiðunarmarka skv. grein 2.1.7.
- 3.5. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins hafa eftirlit með mælingum og mæliaðferðum. Nákvæmt mat á niðurstöðum og samanburðarmælingar skulu fara fram í samræmi við ákvæði gildandi mengunarvarnareglugerðar. Hollustuvernd ríkisins skal upplýsa Sorporkustöð Hofshrepps og Heilbrigðisefirliti Austurlands um niðurstöður matsins, eins fljótt og auðið er.
- 3.6. Reglulegt viðhald í samræmi við áætlun þar um skal vera á öllum mengunarvarnabúnaði.
- 3.7. Mæliáætlun skv. greinum 3.1., 3.2. og 3.3 svo og viðhaldsáætlun skv. grein 3.6. í þessu starfsleyfi skal endurskoða með 24 mánaða fresti ef Hollustuvernd ríkisins eða rekstraraðili Sorporkustöðvar Hofshrepps óska þess.

- 3.7. Starfsmaður sorporkustöðvarinnar skal hafa góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum brennslustöðvarinnar. Hann skal einnig hafa þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og öllum lögum og reglugerðum sem nefnd eru í þessu starfsleyfi skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Einnig skal Sorporkustöð Hofshrepps tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðilar og aðrir sem málið varðar geta haft samband við ef þörf krefur, utan afgreiðslutíma brennslustöðvarinnar.
- 3.8. Fulltrúar rekstraraðila skulu eftir fyrsta starfsár Sorporkustöðvar Hofshrepps og síðan a.m.k. á þriggja ára fresti koma á sameiginlegan fund með fulltrúum frá Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Á þessum fundum verði rætt um niðurstöður eftirlits- og umhverfismælinga, svo og rekstur mengunarvarna Sorporkustöðvarinnar. Nauðsynlegt er einnig að ræða hvort mæla eigi önnur efni en þau sem talin eru upp í greinum 3.2. og 3.3. í þessu starfsleyfi, sérstaklega fjöklóruð díbensódíoxín (PCDD) og fjöklóruð díbensodífúrön (DCDF).

#### 4. GJALDSKYLDA.

- 4.1. Sorporkustöð Hofshrepps, A-Skaftafellssýslu greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins, eins og hún er hverju sinni. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við eftirlit Hollustuverndar ríkisins, samanber þriðja kafla mengunarvarnareglugerðar nr 396/1992.

#### 5. GILDISTAKA.

- 5.1. Starfsleyfi þetta er veitt í samræmi við ákvæði greinar 8.6.2 í mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992 samanber lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

21. júní 1993

HOLLUSTUVERND RÍKISINS, MENGUNARVARNIR

